



RANGÁRPING YTRA

Aðalskipulag 2010 - 2022 - breyting í landi Leirubakka lóð 3 og Hrauns



Gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022 í mkv. 1:50.000. Breytingin tekur til svæðis innan rauða rammans



Breytt aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022 í mkv 1:50.000.

SKÝRINGAR

Byggð

	Landbúnaðarsvæði
	Byli / eyðibýli
	Verslunar- og þjónustusvæði
	Stofnanasvæði
	Iðnaðarsvæði
	Fristundabyggð
	Óbyggð svæði
	Ár og vötn
	Námur (E) og Haugsvæði (H)

Samgöngur

	Stofnvegir
	Tengivegir og héraðsvegir
	Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
	Reiðleiðir

Veitur

	Háspennulinur 220kV og stærri
	Háspennulinur 132kv, 66kv og 33kv

Vernd

	Friðlystar fornleifar skv. þjóðminjalögum
	Hverfisvernd vegna náttúruminja
	Hverfisvernd vegna forminja
	Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
	Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla
	Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla

Mörk

	Mörk jarða, óviss og ekki læmandi
--	-----------------------------------

GREINARGERÐ

1. INNANGUR

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breytrar landnotkunar á landi Leirubakka lóð 3 (landnr. 198747) og landi Hrauns (landnr. 198746) í Rangárþingi ytra. Tveimur fristundalóðum, samtals um 13,5 ha er breytt í landbúnaðarsvæði. Lóðunum var upphaflega skipt út úr landi Leirubakka, landnr. 164988. Í gildandi Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem fristundasvæði, F39.

Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um fristundabyggð. Samsvarandi breyting er gerð á uppdrætti sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn setur fram í meginmarkmiðum aðalskipulags að stuðla skuli að hagkvæmri þróun byggðar og að gott landbúnaðarland sé nýtt til landbúnaðar. Leiðarljos skipulagsins er að stuðla að öflugu atvinnulifi og að gera búsetu í sveitarfélagini eftirsóknarverða.

LÝSING SVÆÐISINS

Svæðið er um 1,5 km vestan við bæinn Leirubakka, norðan við Landveg (nr. 26). Aðkoma er af Landvegi. Landið er nánast flatt, fremur sendið og þurrleit. Á svæðinu er eitt fristundahús.

Forminjar

Aðalskráning forminja stendur yfir í Rangárþingi ytra. Samkvæmt upplýsingum frá Fornleifastofnun Íslands eru engar þekktar minjar innan þess svæðis sem breytingin tekur til.

2. BREYTT AÐALSKIPULAG

Gert er ráð fyrir að fristundasvæðið F39 verði minnkað, verður um 57 ha og því landi breytt í landbúnaðarsvæði. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um fristundabyggð. Eftir breytingu verður texti fyrir svæði F39 eftirfarandi: F39. Fristundasvæði úr landi Stóra-Klofa/Leirubakka. Ekkert deliðskipulag er í gildi. Stærð svæðis er um 57 ha.

3. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM TILLÖGUNNAR

Tillaga að breytta aðalskipulagi gerir ráð fyrir að minnka fristundasvæðið og breyta því í landbúnaðarland. Á spildunni er eitt fristundahús en 1 fristundahús verður áfram á skilgreindu fristundasvæði, F39. Svæðið liggur rétt norðan Landvegar. Svæðið sem skipulagsbreytingin tekur til er gróið en gróður er fremur rýr og jörðin nokkuð sendin og burr og landið flokkast því ekki sem gott ræktunarland, auk þess sem svæðið liggur nokkuð hátt. Samkvæmt þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 er kveðið á um að taka skuli mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum við staðsettningu og hönnun nyrra bygginga í dreifþýli. Auk þess skal huga að hagkvæmni í samgöngum og veitum og þess gætt að góðu ræktunarlandi sé hlift. Byggingar hafa óhjákvæmilega jarðrask i för með sér og ásýnd svæðisins breytist vegna þeirra. Vegna nálaðgörðar við fristundabyggð verða þau áhrif þó minniháttar og draga má enn frekar úr áhrifunum með því að fella byggingar vel að landi og take mið af umhverfinu við litaval. Aðkomuvegur verðu óbreyttar og númerandi veitir nýtast svo jarðrask vegna þess verður minniháttar. EKKI er vitað til að svæðið teljist mikilvægt búsvæði fugla eða annarra dýra. Því hefur breytt skipulag takmörkuð áhrif á dýrali.

Nýtt skipulag heimilar fasta búsetu á svæðinu og stuðlar því að fjölgun íbúa í sveitarfélagini. Frekari uppygging styrkir byggðina og því hefur það jákvæð áhrif fyrir samfélagið.

4. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Landeigendur lands vilja hafa búsetu á svæðinu og breytingin styrður því við uppyggingu í sveitarfélagini og stuðlar að íbúafjölgun. Skipulagið samræmist þeiri stefnu sveitarstjórnar að staðsettja skuli nyjar byggingar í nálaðgörð við númerandi byggð svo samnýta megi vegi og veitur. Sveitarstjórn er jákvæð gagnvart eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem starfrækja má á landbúnaðarsvæði eins og kemur fram í kafla 4.1. í greinargerð gildandi aðalskipulags. Landið er ágætt ræktunarland en myndi vart teljast sem gott akuryrkjuland.

Sveitarstjórn samþykki að breyta aðalskipulagi og fára fristundasvæði aftur í landbúnaðarni.


5. BREYTINGAR AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU

Bætt er inn kafla um fornminjar. Engar þekktar minjar eru innan þess svæðis sem breytingin tekur til. Skerpt á að umrætt svæði, sem fært er í landbúnaðanot sé 13,5 ha, en vegna ónákvæmni í afmörkun í aðalskipulagi Rang. ytra 2010-2022, hefði mátt ætla að það væri mun minna þar sem F39 minnkar úr 65 ha í 57 ha. Felld út umfjöllun um íbúðarhús á landbúnaðarlandi sem ekki tengist landbúnaði.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaða nr. 123/2010, m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 14.2.2018



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 2. maí 2018



RANGÁRPING YTRA

Aðalskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholt.is	Verk: 8614 SA104	Dags: 01.02.2017
Mkv: 1:50.000	Breytt: 27.09.2017	
Blaðstærð: A2		13.03.2018

Hannað: GG, ÁJ, IS
Teiknað: GLS

Samþykkt: